

Föstudagurinn, 19. september 2003

205. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 32/2003

## **Kvörtun Neyðarþjónustunnar ehf. yfir viðskiptaháttum Neyðaropnana ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

##### **1.**

Með bréfi, dags. 7. ágúst 2002, kvartar Neyðarþjónustan ehf. yfir viðskiptaháttum Neyðaropnana ehf. Fram kemur að Neyðarþjónustan hafi hafið störf á árinu 1988 og hafi notað orðið neyðaropnanir í auglýsingum og á dreifimiðum sem prentaðir hafi verið í yfir 200.000 eintökum. Um áramótin 2001/2002 hafi fyrirtækið Neyðaropnanir hafið starfsemi og kynnt fyrirtækið með dreifimiðum og auglýsingum í símaskrá á Internetinu undir nokkrum nöfnum s.s. Neyðaropnanir, Neyðarþjónustan og Neyðarþjónusta.

Í erindinu er rakið að starfsemi Neyðaropnana hafi valdi ítrekuðum og margsönnuðum misskilningi viðskiptavina Neyðarþjónustunnar. Viðskiptavinir telji að þeir séu að hringja í Neyðarþjónustuna þegar þeir hringja í Neyðaropnanir. Misskilningurinn verði til þar sem Neyðaropnanir noti nöfnin Neyðaropnanir og Neyðarþjónusta. Telur Neyðarþjónustan nafnavalið ekki tilviljun heldur til komið til að villa á sér heimildir og til þess að reksturinn komist betur af stað á kostnað keppinautarins.

Neyðarþjónustan óskar eftir að Neyðaropnunum verði bannað að nota nöfn Neyðarþjónustunnar í auglýsingum. Með erindinu fylgdu ýmis gögn sem sýna t.d. notkun Neyðarþjónustunnar á orðinu neyðaropnanir á dreifimiða og notkun Neyðaropnana á orðinu neyðarþjónusta í símaskrá á Internetinu, þ.e. „*neyðarþjónusta Neyðaropnana*“.

##### **2.**

Með bréfi, dags. 8. ágúst 2002, sendi Samkeppnisstofnun erindi Neyðarþjónustunnar til umsagnar Neyðaropnunum með vísan til 25. gr. samkeppnislaga. Svar barst frá Einari Þór Sverrissyni hdl., f.h. Neyðaropnana, dags. 16. ágúst 2002. Þar segir að bæði fyrirtækin sækji nöfn sín til þeirrar þjónustu sem þau veiti, þ.e. þjónustu við þá sem eru í neyð. Slíkt sé löglegt og beinlínis gert ráð fyrir því í lögum nr. 45/1997 um vörumerki. Í 2. ml. 1. mgr. 6. gr. laganna sé tekið fram að eigandi vörumerkis geti

ekki bannað öðrum að nota í atvinnustarfsemi lýsingar á tegund vöru eða þjónustu eða öðrum eiginleikum vöru eða þjónustu. Þannig sé gert ráð fyrir að ákveðin orð séu svo lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem sé seld eða boðin að ekki sé hægt að veita einkarétt á henni. Slíkt sé tilfellið í þessu máli.

Neyðaropnarnir hafi ekki reynt að líkja eftir myndmerki keppinautarins auk þess sem viðskeyti lýsingarorðsins sé ekki það sama. Ruglingshætta sé ekki til staðar umfram það sem leiði af notkun orðsins en slíkt gangi ekki gegn lögmætum rétti Neyðarþjónustunnar til firmanafns síns. Þessi almenna skírskotun til þjónustunnar sem veitt sé geri það að verkum að Neyðarþjónustan verði að hlíta því að aðrir í sömu atvinnugrein noti sama lýsingarorð í firmanafni sínu. Slíkt sé algengt og sé orðið neyð algengt í íslensku máli og hafi verið notað af fjölda aðila. Notkun Neyðaropnana á orðinu sé ekki ósanngjörn gagnvart keppinauti og eigi ekki að valda honum tjóni að teknu tilliti til þeirra lagareglna sem um slíkt tilfelli gildi.

Þá segir að ekki komi fram í erindi Neyðarþjónustunnar á hvaða réttarheimild kvörtunin sé byggð en 25. gr. samkeppnislaga komi þar vitaskuld til skoðunar. Rétt sé þó að benda á að ákvæði samkeppnislaga komi til fyllingar reglum um vörumerkjavernd. Að lokum er gerð sú krafa að notkun Neyðaropnana á firmanafninu verði ekki talin ganga í berhögg við rétt Neyðarþjónustunnar.

### 3.

Umsögn Neyðaropnana var send Neyðarþjónustunni til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 16. ágúst 2002. Engin svör bárust og var bréfið ítrekað þann 23. september 2002. Í símtali við starfsmann Samkeppnisstofnunar, þann 25. september 2002, ítrekaði forsvarsmaður Neyðarþjónustunnar fyrri rök.

Með bréfi, dags. 16. október 2002, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

Með bréfi til málsaðila, dags. 13. febrúar 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun að töf yrði á afgreiðslu málsins sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni.

## II.

### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 19. september 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Sigurbjörn Þorbergsson og Ragnheiður Bragadóttir.

## 1.

Í máli þessu kvartar Neyðarþjónustan yfir að keppinauturinn Neyðaropnanir noti orðið neyðarþjónustan í auglýsingum. Af erindinu má einnig skilja að jafnframt sé kvartað yfir notkun á orðinu neyðaropnun. Bæði bjóða fyrirtækin upp á þjónustu sem felst í því að opna lása, s.s. bíla, hurðir og hirslur. Í erindi kvartanda er ekki vísað til ákveðinna greina samkeppnislaga en að mati samkeppnisráðs kemur 25. gr. laganna til álita. Greinin hljóðar svo:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennunum. Firmanafn er sérstaklega tilgreint í lagagreininni. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Eins og fram hefur komið í þessu máli eru bæði fyrirtækin, Neyðarþjónustan og Neyðaropnanir, skráð einkahlutafélög og hafa því fullan rétt til auðkenna sinna sbr. ákvæði 2. ml. 25. gr. og skal þá litið til hvort villast megi á fyrirtækjunum.

Í erindi kvartanda, Neyðarþjónustunnar, er sett fram fullyrðing um það sem kallað er ítrekaður og margsannaður ruglingur en ekki hefur verið sýnt fram á í hverju hann felist. Þannig hefur eingöngu verið sýnt fram á að Neyðaropnanir hafi notað orðið neyðarþjónusta með þeim hætti að í símaskrá á Internetinu segir „neyðarþjónusta Neyðaropnana“. Þá er fyrirtækið m.a. skráð sem „Neyðarþjónusta Neyðaropnana ehf.“ í símaskrá 2003.

Samkeppnisráð telur að orðin neyðarþjónusta og neyðaropnun séu almenn orð sem lýsi vel þeirri þjónustu sem bæði fyrirtækin bjóða upp á, þ.e. þjónustu við þá sem eru staddir í neyð. Forskeytið neyð lýsi almennt vanda eða brýnni nauðsyn. Í símaskrá

2003 er t.d. að finna nokkur dæmi um notkun annarra fyrirtækja á orðinu neyðarþjónusta. Þannig auglýsa meindýraeyðir, Securitas og Vaka neyðarþjónustu.

Samkeppnisráð fær ekki séð að þrátt fyrir að Neyðarþjónustan hafi fengið orðið skráð sem firmanafn sé hægt að banna öðrum sem bjóða upp á áþekka þjónustu notkun þess. Orðin neyðarþjónusta og neyðaropnun eru lýsandi og vekja skýra hugmynd hjá neytendum um eiginleika þeirrar þjónustu sem upp á sé boðið. Þessi almenna skírskotun gerir það að verkum að Neyðarþjónustan verður að hlíta því að aðrir sem hafa slíka þjónustu með hendi noti orðið. Þá liggur ekkert fyrir í málinu um að villst hafi verið á fyrirtækjunum.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð ekki tilefni til frekari afskipta af máli þessu.

### **III.**

#### **Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“**